

---

**SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNARAEILDAR HA**

Þingvallastræti 23, 600 Akureyri

Sími 460 8042, Fax 460 8997

---

**YNDISLESTUR – BÓK ER  
VINA BEST  
MATSKÝRSLA**

Guðmundur Engilbertsson



*Júní 2005*

*Yndislestur – bók er vina best.*

Þróunarverkefni í Húsabakkaskóla.

Matskýrsla

## *Efnisyfirlit*

<i>Inngangur</i> .....	4
<i>Aðferðir</i> .....	6
<i>Yndislestur – bók er best vina</i> .....	7
<b>Tilurð, markmið og lýsing verkefnis</b> .....	7
<b>Framkvæmd – helstu atriði</b> .....	8
<i>Mat</i> .....	12
<i>Heimildir</i> .....	15

---

## Inngangur

---

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (íslenska 1999:8-9) segir að öflug samvinna við heimilin um móðurmálskennslu og móðurmálsuppeldi sé lykilatriði á öllum stigum grunnskóla. Leggja þurfi áherslu á að móðurmálskennsla sé samstarfsverkefni heimila og skóla og að foreldrarir gegni veigamiklu hlutverki í að styrkja og rækta móðurmálið og viðhalda áhuga nemenda, ekki síst hvað varðar lestrarþjálfun, meðferð talaðs máls og almenna málrækt. Sagt er að mikilvægt sé að foreldrar taki virkan þátt í að sinna móðurmáli á öllum sviðum í nánú samstarfi við skólann, m.a. með stuðningi við heimanám og heimaverkefni sem krefjast þátttöku foreldra. Ennfremur segir að góð lestrarfærni sé nauðsynleg til að menn geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Lestrar-kunnátta sé undirstaða almennrar menntunar, forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta sé mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun og lestur stuðli að auknum orðaforða og betra valdi á máli, en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (íslenska 1999:10) segir að lestrarkeppni, þar sem mest áhersla er lögð á að lesa sem flestar bækur eða texta á sem skemmstum tíma, geti verið þáttur í því að þjálfar nemendur í ákveðinni tegund lestrarfærni. Slík þjálfun geti líka vakið áhuga á bóklestri. Nemendur þjálfast einnig í að lesa vandlega með áherslu á skilning, listræna nautn og gagnrýnið hugarfar. Þá segir (bls. 13) að bókmenntalestur sé mikilvægur liður í mótun sjálfsmyndar barna og unglínga. Í bókmenntum leiti ungir lesendur að fyrirmyndum og máti sig inn í aðstæður skáldsagnapersóna. Þannig geti bókmenntakennsla stuðlað að sterkari sjálfsmynd beggja kynja, aukið skilning hvors kyns á sérstöðu hins og búið nemendur undir virka þátttöku í síbreytilegu upplýsingasamfélagi framtíðar.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (íslenska 1999) segir að á fyrstu fjórum námsárunum megi meta í þáttunum lestri (bls. 16) og bókmenntum (bls. 17) lestraráhuga og áhuga á bókmenntum með því að fylgjast með og skrá fjölda og tegundir frjálislestrarbóka. Það sama gildi um mat á fimmta til sjöunda námsári (bls. 18 og 19) og á áttunda til tíunda námsári (bls. 20 og 21).

Hvað lestur varðar er að finna í lokamarkmiðum markmiðið um að nemandi öðlist áhuga á lestri og jákvætt viðhorf til lestrarþjálfunar (bls. 23). Eitt af lokamarkmiðum hvað varðar bókmenntir er að nemandi öðlist áhuga á að lesa bækur og bókmenntir af margvíslegu tagi og læri að meta gildi þeirra, geti samsamað sig persónum og lifað inn í heim þeirra þar sem bæði kynin eru sýnd í fjölbreytileika sínum (bls. 24).

Í febrúar 2004 sótti Húsabakkaskóli um styrk úr þróunarsjóði grunnskóla til að styðja við áframhaldandi en aukna vinnu vegna verkefnisins *Yndislestur – bók er best vina* sem unnið hafði verið eftir á skólaárinu 2003 – 2004. Verkefnið fékk úthlutað styrk úr

sjóðnum og er tilgangur þessarar skýrslu að gera grein fyrir hvernig tekist hefur að ná settum markmiðum verkefnisins.

Gerð verður grein fyrir hvaða aðferðir eru notaðar við matið, fjallað um markmið og tilgang verkefnisins og helstu þættir í framkvæmd þess raktir. Lagt verður mat á áhrif verkefnisins og hvernig til hefur tekist að ná meginmarkmiðum þess.

---

## Aðferðir

---

Við mat á verkefninu „Yndislestur – bók er best vina“ var gagnaöflun með ýmsu móti. Rætt var við skólastjóra og aflað upplýsinga um verkefnið með spurningalista. Á vefsíðu Húabakkaskóla eru einnig fyrirliggjandi upplýsingar um verkefnið, markmið þess og leiðir til að ná þeim og var stuðst við þau gögn við gerð spurningalista og viðtalsramma vegna rýnivíðtala. Í gögnum frá skólanum var m.a. að finna samantekt úr fundargerðum kennarafunda um framkvæmd verkefnisins og áfangaskýrsla um verkefnið til þróunarsjóðs grunnskóla frá því í janúar 2005.

Ákveðið var að ræða við kennara, foreldra og nemendur og þannig freista þess að meta sem flesta þætti verkefnisins. Skipaðir voru rýnihópar kennara, nemenda og foreldra og tekin við þá viðtöl. Í viðtölunum var stuðst við hálfstaðlaðan spurningalista og þess m.a. gætt að spyrja hvern rýnihóp sambærilegra spurninga. Markmið með viðtölum við rýnihópa var að eiga samræðu um ýmsa þætti verkefnisins, leita sammælis en einnig skoða ólík sjónarmið og ræða þau. Viðtölin tóku um 40-60 mínútur hvert, voru hljóðrituð og helstu atriði þeirra tölvuunnin.

---

## Yndislestur – bók er best vina

---

Hér verður greint frá tilurð verkefnisins og markmiðum og framkvæmd lýst. Mat verður lagt á hvernig til hefur tekist og hvort markmið verkefnisins hafi náðst.

### *Tilurð, markmið og lýsing verkefnis*

Samkvæmt vefsíðu Húsabakkaskóla<sup>1</sup> um verkefnið eru markmið þess eftirfarandi:

- Að auka áhuga nemenda og starfsfólks á lestri bókmennta sér til ánægju og yndisauka.
- Að vekja lestrarlöngun hjá nemendum.
- Að auka lestur nemenda á bókmenntum.
- Að gera lestur bókmennta sjálfsagðan hjá nemendum.
- Að nemendur uppgötvu að hafi þeir bók að lesa þurfa þeir ekki að láta sér leiðast.

Í greinargerð vegna verkefnisins kemur fram að í kjölfarið á námskeiðum skólaárið 2002-2003 um gagnvirkann lestur og notkun hugtakakorta hafi kviknað hugmyndin að átaki sem myndi auka yndislestur nemenda skólans. Til þess að auka áhuga nemenda á lestri var valin sú leið að gera bókalestri hátt undir höfði með því að nýta það sem skólinn hefur þegar verið að fást við, bæta við það, nýta það sem hljómar við verkefnið og tengja allt þetta saman í verkefnið Yndislestur.

Ýmsar leiðir eru nefndar svo ná megi fyrrgreindum markmiðum. Varða þær nemandann, kennsluna og þátttöku foreldra í verkefninu. Dæmi um leiðir eru eftirfarandi:

Nemendur:

- Allir nemendur lesa í skólanum hljóðlestur í kjörbók í 10 – 15 mínútur á hverjum degi. Þetta eiga nemendur líka að gera heima.
- Á hverjum degi fær hver bekkjardeild upplestur á skáldsögu.
- Allir nemendur skólans taka að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu þátt í leshring.
- Grunnskólanemendur heimækja leikskólabörnin og lesa fyrir þau.
- Allir nemendur taka þátt í lestrarorminum/bókaskrímslinu.
- Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur með upplestri og söng á sal.
- Skólinn verður áfram þátttakandi í Stóru upplestrarkeppninni.
- Allir nemendur heimsækja bókasafn Dalvíkur með umsjónarkennara sínum einu sinni á skólaárinu.

---

<sup>1</sup> <http://husabakkaskoli.ismennt.is/?category=31>

- Öllum nemendum skólans verður kennt að umgangast bókasafn skólans.
- Á Norrænu bókasafnsvikunni verður norrænum barnabókahöfundum gerð sérstök skil.
- Dagur bókararinnar 23. apríl verður haldinn hátíðlegur.
- Nemendur halda bókakynningar innan og utan eigin námshóps.
- Einu sinni til tvisvar yfir skólaárið verður rithöfundi boðið í heimsókn.
- Fjórum sinnum yfir skólaárið vinna allir nemendur skólans með verk eftir „skáld mánaðarins”.
- Flutningur á texta *höfunda mánaðarins* verður á samverustund „á sal.”
- Nemendur 4. og 5. bekkjar fá Ljóðsprotta Námsgagnastofnunar til eignar. Nemendur 6. 7. og 8. bekkjar fá Ljóðspegla Námsgagnastofnunar til eignar.

#### Foreldrar:

- Foreldrar verða hvattir til þess að lesa fyrir börnin sín
- Gert er ráð fyrir að foreldrar nemenda á yngsta og miðstigi hlusti á börn sín lesa upphátt á hverjum degi.
- Foreldrar verða hvattir til þess að vera börnum sínum fyrirmynd í lestrarvenjum.
- Foreldrar verða hvattir til þess að mæta á uppákomur í skólanum tengdum verkefninu.
- Lestrarverkefni sem gera ráð fyrir þátttöku foreldra verða að minnsta kosti einu sinni á námsárinu.
- Foreldrar heimsækja skólann og kynna t.d. fyrir nemendum: hvaða bækur þeir eru að lesa, bestu bók sem þeir hafa lesið og uppáhaldsrithöfundinn sinn.

#### Kennarar:

- Á haustdögum fá kennarar fyrirlestur um vefinn BarnUng og hvernig megi nýta hann í þágu verkefnisins.
- Kennarar taka einnig þátt í hljóðlestri með því að lesa í eigin kjörbók
- Kennarar fá fyrirlestur um dyslexíu, birtingarmyndir hennar, hvaða áhrif hún hefur á nám og hvað kennarar geta gert til þess að koma á mótis við nemendur með dyslexíu.
- Kennarar kynni sér efni skólans um lestur og lestrarkennslu.
- Kennarar nýti sér kunnáttu sína um gagnvirkan lestur og hugtakakort við lestrarvinnu nemenda.

#### ***Framkvæmd – helstu atriði***

Flestar þessara leiða hafa verið nýttar í starfi skólans, þó í mismiklum mæli. Eitt af því sem hefur stöðugt verið á dagskrá er hljóðlestur í kjörbók í 10-20 mínútur á hverjum degi. Í stundatöflu allra bekkja hefur verið gert ráð fyrir að námshóparnir séu með umsjónarkennara sínum í upphafi skóladags og gert ráð fyrir að dagurinn hefjist með því að nemendur lesi í hljóði. Markmiðið með því að hafa hljóðlesturinn á sama tíma á hverjum degi var að gera hann að sjálfsögðum hluta af skólastarfinu. Kennarar og nemendur telja að þessum tíma hafi verið vel varið. Nemendur sögðust lifa sig inn í sögurnar og festa hugann við lesturinn, njóta hans og fá áhuga á meiri lestri. Kennarar sem rætt var við tóku undir það og sögðu þessa byrjun á skóladeginum leiða til næðis og vellíðunar. Það skapaðist ró og næði sem héldi út fram eftir degi.



Hugmyndinni um leshringi var hrundið í framkvæmd. Með leshring er átt við að kennari raðar nemendum í hópa og hver hópur fær skáldsögu til þess að lesa upphátt saman. Einn nemandi í einu les upphátt og hinir fylgjast með. Síðan tekur sá næsti við og þannig koll af kalli þar til allir hafa lesið í það skiptið. Í viðtölum við nemendur kom fram að það að lesa upphátt fyrir aðra hafi veitt þeim þjálfun í að koma fram og stuðlað að öryggi við það. Töldu nemendur að slík þjálfun stuðlaði að því að þau væru líklegri til að tjá sig fyrir framan hóp og taka þátt í umræðu eða sameiginlegum samræðum. Sögðu að upplestur væri þeim svo tamur að þeim þætti það sjálfsagt, ekki kvíðvænlegt heldur notalegt.

Til þess að auka samskipti leik- og grunnskólabarna í Húsabakkaskóla og tengja leikskólann Yndislestrarverkefninu og markmiðum þess varð það að venju að eldri nemendur Húsabakkaskóla færu einu sinni í viku í leikskólann, sem er staðsettur í húsnæði á skólalóð, til að lesa upphátt fyrir nemendur hans. Nemendur töldu þetta mjög góða þjálfun, ekki aðeins lestrarþjálfun heldur einnig í því að koma fram og túlka efnið sem lesið var. Foreldrar voru mjög ánægðir með þessa tengingu leik- og grunnskóla og töldu þetta stuðla að áhuga grunnskólabarnanna og leikskólabarnanna á lestri. Kennarar voru mjög ánægðir með þennan framkvæmdalið og ályktuðu sérstaklega um ánægju sína með hann á kennarafundi.

Eitt af því sem blasti við sjónum þegar komið var inn í Húsabakkaskóla á vordögum var svokallaður lestrarormur eða bókaskrímsli. Þegar nemendur luku við að lesa skáldsögu fylltu þeir út lítinn miða og skráðu á hann nafn bókar, nafn höfundar bókarinnar, nafn lesanda og fjölda blaðsíðna. Nemendur skráðu þannig hverja bók sem þeir lásu og blaðið varð hluti af, eða „liður“ á lestrarorminum. Eftir því sem miðunum fjölgaði, stækkaði ormurinn og um vorið má segja að ormurinn þekti alla ganga, um allan skóla. Hlutverk ormsins var annars vegar að hvetja nemendur til þess að ljúka við kjörbækur sínar og hins vegar að gera Yndislestrarverkefnið sem best sýnilegt öllum sem færu um skólann.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember var haldinn hátíðlegur með upplestri og söng á sal. Undanfarin ár hefur skapast hefð fyrir því í Húsabakkaskóla að halda Dag íslenskrar tungu hátíðlegan með því að bjóða foreldrum og öðrum gestum í skólann til þess að hlusta á upplestur nemenda. Í ár var foreldrum boðið til samverustundar á Rimum þar sem nemendur lásu upp fyrir foreldra og aðra gesti og í lokin var samsöngur. Með þessu móti var fastur liður í skólastarfinu settur í samhengi við Yndislestrarverkefnið.

Dagur íslenskrar tungu markar upphaf Stóru upplestrarkeppninnar ár hvert. Undanfarin þrjú ár hefur Húsabakkaskóli tekið þátt keppninni. Nemendur 7. bekkjar hafa haldið upplestrarkeppni skólans og boðið til hennar foreldrum og öðrum gestum. Í þeirri keppni hefur fulltrúi skólans í Stóru upplestrarkeppninni verið valinn. Stóðu fulltrúar skólans sig afar vel í keppninni í ár, sem og áður. Einn úr hópi nemenda í rýnihóp tók m.a. þátt og hlaut verðlaun. Í ljós kom að sá nemandi hafði lengi átt við lestrarörðugleika að stríða en eins og hann sagði: „Það gerðist svo margt þegar við fórum í þessi lestrarátök“. Þessi nemendi sagðist njóta þess að lesa en var þess fullviss að ef ekki væri þessi áhersla lögð á lestur myndi lestur hafa mætt afgangi hjá honum vegna þess hve lesturinn var honum lengi erfiður. Segja má að með tengingunni við Stóru upplestrarkeppnina hafi Yndislestur verið settur í samhengi við fastan lið í skólastarfi.

Í Yndislestrarverkefninu var umsjónarkennurum falið það verkefni að kenna nemendum að umgangast bókasafnið. Það var gert til þess að nemendur myndu að þeir bæru ábyrgð á eignum skólans og að þeir myndu að ef bækurnar væru settar á réttan stað væri auðveldara að nálgast þær þegar þeirra væri seinna þörf. Nemendur, kennarar og foreldrar voru mjög ánægðir með vinnuna sem fór fram á bókasafninu og bókasafnið sjálft. Töldu þeir að aðgengið að bókum og vinnan á bókasafninu skilaði sér í lestraráhuga og aukinni fróðleiksfýsni. Þá gerðu yngri lesarar sér grein fyrir „nánustu lesframtíð“ eins og eitt foreldrið orðaði það; „á næsta ári læsu þeir bækurnar í þessari hillu... í 8. bekk læsu þeir þessar bækur“, o.s.frv. Nemendur gerðu sér væntingar um lestur í nánustu framtíð.

Dagur bókararinnar 23. apríl, fæðingardagur Halldórs Laxness, var haldinn hátíðlegur. Nemendur lásu m.a. verk Halldórs og buðu til Laxness-vöku með þátttöku nemenda, foreldra, starfsfólks og barnakórsins Góðra hálsa.

Eitt af því sem var á dagskrá í verkefninu var að bjóða rithöfundum í heimsókn. Rithöfundarnir sem komu á vegum verkefnisins voru m.a. Brynhildur Þórarinsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Þorvaldur Þorsteinsson. Auk þess var tekið fyrir skáld mánaðarins. Hugmyndin með því var að vekja áhuga á kveðskap og gildi hans í menningu okkar fyrr og nú. Með því var yndislestrarverkefnið samþætt kennslu í upplýsingatækni og íslensku til viðbótar því að kynna enn frekar fyrir nemendum íslenska rithöfunda. Segir skólastjóri að eftirspurn á bókasafninu eftir bókum rithöfundanna sem komu í heimsókn hafi aukist mikið.

Á haustfundi foreldra fengu allir foreldrar bæklingana *Lestur er lykill að þekkingu* sem gefinn er út af Námsgagnastofnun og *Kortér á dag* sem Heimili og skóli gefa út. Við það tækifæri var verkefnið Yndislestur í heild sinni kynnt. Foreldrar voru hvattir til að lesa fyrir börnin sín, merkja við þegar nemendur voru búnir að lesa upphátt heima og sækja viðburði þar sem nemendur lásu upphátt. Jafnframt stóð foreldrum til boða fræðsla um lestur. Foreldrar sem rætt var við höfðu mjög jákvætt viðhorf til verkefnisins og sögðu foreldra almennt mjög jákvæða og duglega að mæta á viðburði í tengslum við verkefnið. Þeir sögðu kennara duglega að ræða um verkefnið við þá og skólastjóran leiða verkefnið af krafti, nýta hvert tækifæri til að ræða verkefnið og hvetja foreldra. Skólastjóri segir að þrátt fyrir að verkefninu hafi verið vel tekið af foreldrum væri sá hluti verkefnisins sem snýr að foreldrum sá hluti sem skólinn vildi sinna enn betur í framtíðinni.

Kennarar fengu ýmis konar fræðslu um lestur. Þeir fengu fyrirlestur um vefinn BarnUng og hvernig mætti nýta hann í þágu verkefnisins. Á vefnum BarnUng er að finna ýmsan fróðleik um barna- og unglingsbókmenntir. Kennarar fengu einnig fyrirlestur um leshömlun (dyslexíu), birtingarmyndir hennar, hvaða áhrif hún hefur á nám og hvað kennarar gætu gert til að koma til móts við nemendur með leshömlun. Kennsluráðgjafi Félags- og skólaþjónustu ÚtEy hélt fyrirlesturinn. Auk þess sóttu kennarar fjarfund á Dalvík um lestrarerfiðleika og sóttu ráðstefnuna Læsi á 21. öld á vegum skólaþróunarvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Kennarar hafa safnað saman og kynnt sér efni skólans um lestur og lestrarkennslu. Í upphafi meðan verið var að koma á ýmsum framkvæmdaliðum í verkefninu fengu kennarar ráðstafað sérstökum tíma til þess en svo fór verkefnið að rúlla af sjálfu sér eins og það var orðað.

Gagnvirkur lestur (reciprocal teaching) var nýttur til að styrkja lesskilning og það var samdóma álit kennara og nemenda að það væri liður í verkefninu Yndislestri. Áður en farið var að vinna að Yndislestri hafði skólinn innleitt í skólastarfi aðferðirnar gagnvirkan lestur og hugtakakort (concept mapping) til að styrkja lesskilning. Þeirri þekkingu hefur verið haldið við og hún nýtt áfram í náminu, það hefur þótt eðlilegt að nota gagnvirkan lestur við lestur bóka. Það er afdráttarlaust mat nemenda, foreldra og kennara að það atriði sérstaklega hafi leitt til framfara í lestri, sérstaklega hafi lesskilningi fleygt fram. Það er einnig sameiginlegur skilningur þessara aðila að aðferðirnar séu hluti verkefnisins um yndislestur.

---

## Mat

---

Að mati skólastjóra Húsabakkaskóla hafa kennarar verið mjög jákvæðir og áhugasamir um verkefnið. Foreldrar í rýnihópi voru mjög ánægðir með verkefnið fyrir sína hönd og sögðu ánægju með verkefnið almenna meðal foreldra nemenda. Á sömu skoðun voru nemendur sem rætt var við. Það er ljóst við eftirgrennsan að staðið hefur verið vel að framkvæmd verkefnisins í skólanum. Rýniviðtöl leiddu í ljós að framkvæmdaliðir voru fastir liðir í skólastarfinu og nutu viðurkenningar starfsfólks, foreldra og nemenda. Eftir verkefninu hefur verið tekið og leitað til skólans um kynningu á því, m.a. á haustþingi BKNE (Bandalag kennara á Norðurlandi eystra).

Velta má fyrir sér hvort tíminn sem fór í verkefnið hafi verið tekinn af einhverju öðru mikilvægu í skólastarfinu og hvort ávinningur þess hafi réttlætt það. Allir þátttakendur í rýniviðtölunum töldu tímanum vel varið og sögðu að hann væri ekki á kostnað neins annars þegar uppi væri staðið. Verið gat að minna hefði verið unnið með „formlega“ málfræði í íslensku en kennarar sem það nefndu töldu lesturinn bæta það upp því tilfinning nemenda fyrir málinu og gerð þess efl-dist með auknum bóklestri. Foreldrar og nemendur töldu lesturinn hreinlega viðbót í náminu en ekki á kostnað annars. Ávinningur lestursins fælist í betri lesskilningi og meira úthaldi við lestur, t.d. við próflestur, og það skilaði sér. Að hluta til var lestrinum líka beint að því efni sem nemendur voru að fást við í öðrum námsgreinum skólans eins og náttúrufræði og samfélagsfræði. Að sögn skólastjóra mátti merkja árangur þessa á samræmdum prófum. Þess ber þó að gæta að fáir nemendur taka samræmd próf á hverju ári í skólanum og því ekki talið áreiðanlegt að taka þær niðurstöður inn í matið.

Gagnvirkur lestur (reciprocal teaching) er aðferð sem hjálpar nemendum við að lesa markvisst og skilja texta. Viðmælendur settu að jafnaði samasemmerki við yndislestur og gagnvirkan lestur, töldu gagnvirka lesturinn hluta yndislestrarverkefnisins og lýstu góðum áhrifum verkefnisins á lesskilning. En er rétt að tengja aukinn lesskilning við yndislesturinn – eru ekki jákvæð áhrif sem t.d. má finna í betri lesskilningi tengd gagnvirka lestrinum en ekki yndislestrinum? Mætti mæla þessi áhrif ef ekki hefði verið unnið með gagnvirkan lestur?

Þrír þættir eru einkum líklegir til að efla lesskilning. Einn er kennsla í að skilja texta (sambengi o.fl.). Annar þáttur er kennsla aðferða sem hjálpa nemendum að glíma við texta. Gagnvirkur lestur er ein slíkra aðferða. Þriðji þátturinn er efling orðaforða, bein eða óbein kennsla. Lestraráttak eins og yndislestur getur talist til óbeinnar kennslu orðaforða vegna þess að lesturinn eykur orðaforða og ekki síst þegar lesturinn tengist því sambengi sem í námi felst, s.s. að lesa texta í sambengi við samfélagsfræði eða náttúrufræði. Því má segja að yndislestur, hvort sem gagnvirkur lestur er talinn með eða ekki, geti eflt lesskilning.

Viðmælendur lýstu því yfir að ein áhrif aukins lesturs væri aukinn orðaforði sem nýttist nemendum til að koma hugsunum sínum í orð og á blað og gerði þau hæfari til að velja viðeigandi orð. Börn heyja sér orðaforða með samskiptum, hlustun, samræðum og lestri og orðaforðinn eykst stöðugt. Í fyrstu er það talorðaforði sem börn heyja sér og nota en með auknum lestri heyja þau sér ritorðaforða sem er nauðsynlegur skilningi og því að koma orðum að hlutum (NRP). Ein helsta uppspretta orðaforða verður fljótt lestur, með lestri heyja börnin sér mikinn og mikilvægan orðaforða (Guðmundur B. Krismundsson 2000). Slíkur orðaforði verður uppistaða í orðasafni heilans.

Athyglisvert er að skoða áhrif verkefnisins, að því er virðist, á sjálfstraust og öryggi nemenda. Viðmælendur lýstu því yfir að þjálfunin í að koma fram og lesa yki sjálfstraust nemenda og leiddi bæði til aukins orðaforða og færni í að koma hugsunum í orð. Jafnframt var skoðun viðmælenda að nemendur væru líklegri til að taka þátt í umræðu og koma sjónarmiðum sínum á framfæri jafnframt því að eiga skoðanaskipti við aðra. Ef rétt er má segja að verkefnið styðji við lýðræði. Þess má geta að í úttekt skólaþróunarviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri á Stóru upplestrarkeppninni fyrir menntamálaráðuneytið árið 2004 komu þessi fylgiáhrif fram og voru ein athyglisverðasta niðurstaða úttektarinnar að mati höfunda skýrslunnar (Rósa Eggertsdóttir o.fl. 2004:51).

Viðtölin við foreldra, nemendur og kennara leiddu í ljós bjargfasta trú á því að verkefnið skilaði þeim árangri sem að var stefnt. Áhugi á lestri hefði stóraukist og yndislestur orðið að veruleika. Foreldrar sögðu börnin lesa mikið meira en áður og nefndu sem dæmi að ef farið væri í verslunarferð inn á Akureyri eða til Reykjavíkur þá vildu börnin fara í bókabúðir. Þegar um ferðalög væri að ræða væri bókin sjálfsagður ferðafélagi. Þetta staðfestu nemendur og sögðust njóta þess að lesa, jafnvel þótt það hefði verið átak að koma því á m.a. sökum lestrarerfiðleika. Það var mat þeirra að nemendur sem ættu í erfiðleikum með lestur nyttu ekki síður góðs af lestrinum en aðrir og kennarar sögðu verkefnið yndislestur og gagnvirkan lestur nýtast best, eða sjáanlega best, þeim nemendum sem stæðu höllum fæti í lestri. Skólustjóri taldi áhrif verkefnisins á lestrarkennslu í skólanum mikil, sérstaklega yrði lestrarkennslan sýnilegri.

Helsti galli á framkvæmd verkefnis er lítil gagnasöfnun til að styðjast við í matinu á verkefninu. Kennarar skráðu hjá sér bókalestur nemenda og fylgdust með útlánum og stóðu fyrir lestrarorminum. Þessi gögn styðja vel við matið. Jafnframt töldu kennarar hægt að styðjast við mælingar á lestrarhraða þar sem merkja mátti aukinn leshraða. Hins vegar skortir mælingar á lesskilningi og leiðir til að meta meginmarkmið verkefnisins: að auka áhuga nemenda og starfsfólks á lestri bókmennta sér til ánægju og yndisauka, að vekja lestrarlöngun hjá nemendum, að gera lestur bókmennta sjálfsagðan hjá nemendum og að nemendur uppgötvu að hafi þeir bók að lesa þurfa þeir ekki að láta sér leiðast. Það eina sem styður við slíkt mat eru rýnivíðtöl og spurningalisti úttektaraðila.

Aðspurðir um mat á því hvort ofangreind markmið verkefnisins hafi náðst sögðu kennarar svo vera. Erfitt væri að beita einhverjum mælitækjum en þó mætti sjá að leshraði hafi aukist umfram það sem gerðist annars. Einnig væri lestrarormur og skráningar á lesnum bókum/blaðsíðum til vitnis um stóraukinn lestur. Mat á því hvort viðhorf til lesturs væri jákvæðara nú en áður væri huglægt en kennarar, nemendur og foreldrar voru afdráttarlaust á þeirri skoðun.

Verkefnið Yndislestur – bók er vina best fellur vel að þeim markmiðum og þeim orðum sem viðhöfð eru um þau í *Aðalnámskrá grunnskóla* (íslensku 1999) og lýst var hér í inngangi. Þar sagði m.a. að lestur bókmennta væri mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun og að lestur stuðli að auknum orðaforða og betra valdi á máli, en hvort tveggja sé mikilvægt í mannlegum samskiptum. Í aðalnámskránni kemur fram að meta megi lestraráhuga og áhuga á bókmenntum með því að fylgjast með og skrá fjölda og tegundir frjálslestrarbóka. Fram kemur að mikilvægt sé að foreldrar taki virkan þátt í að sinna móðurmáli á öllum sviðum í nánú samstarfi við skólann, m.a. með stuðningi við heimanám og heimaverkefni sem krefjast þátttöku foreldra. Ennfremur segir að góð lestrarfærni sé nauðsynleg til að menn geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Verkefnið „Yndislestur – bók er vina best“ hnýtir saman ýmsa þætti í lestrarnámi, svo sem Stóru upplestrarkeppnina, gagnvirkan lestur og samstarf heimilis og skóla. Eitt helsta markmið þess er að auka áhuga nemenda og starfsfólks skólans á lestri bókmennta sér til ánægju og yndisauka og það hefur tekist.

---

## Heimildir

---

*Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska.* 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Guðmundur B. Kristmundsson. 2000. „Kraftaverk og kræsingastaðir.“ Í Heimir Pálsson (ritstj.) *Lestrarbókin okkar. Greinasafn um lestur og læsi.* Bls. 67-90. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

*Report of National Reading Panel. Teaching children to read. An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implication for reading instruction (NRP).* 2000. National institute of child health and human developments.

Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Engilbertsson. Maí 2004. *Stóra upplestrarkeppnin. Skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið.* Akureyri, Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri.

Vefsíða Húsabakkaskóla um Yndislestur – bók er vina best.  
<http://husabakkaskoli.ismennt.is/?category=31> (sótt 10. maí 2005).